

Norræn samstarfsáætlun um byggðapróun og skipulagsmál 2025–2030



Efnisyfirlit

1.	Formáli	3
2.	Inngangur	3
3.	Pólítískar áherslur	3
3.1	Græn Norðurlönd	5
3.2	Samkeppnishæf Norðurlönd	6
3.3	Félagslega sjálfbær Norðurlönd	7
4.	Mat á samstarfsáætluninni	8



1. Formáli

...

2. Inngangur

Í samstarfsáætlun um byggðapróun og skipulagsmál er pólitískum áherslum og markmiðum fyrir tímabilið 2025–2030 lýst.

Lögð verður áhersla á að styðja við græn umskipti sem ýta undir þróun og skapa tækifæri og gagnsemi fyrir íbúa hinna ýmsu svæða Norðurlanda. Jafnframt hyggst svið byggðamála leggja áherslu á að efla samkeppnishæfni og viðnámsþol norrænna svæða og styðja við samstarf á landamærasvæðum. Loks hyggst svið byggðamála leggja áherslu á vinnuna við að ýta undir góð og örugg lífsskilyrði alls staðar á Norðurlöndum, jafnt í daglegu lífi sem á krísutímum.

Gert er ráð fyrir því að innleiðing þessarar samstarfsáætlunar um byggðapróun og skipulagsmál muni að stórum hluta fara fram í gegnum stuðning við sameiginlegar norrænar aðgerðir og verkefni (bæði innan fagsviðs byggðamála og þvert á önnur fagsvið) og þekkingaröflun og miðlun reynslu á milli norrænna aðila sem málið varðar.

[Við gerð samstarfsáætlunarinnar var samráð haft við Norðurlandaráð, borgarasamfélagið og aðra viðkomandi aðila. Norðurlandaráð kom með tillögur að markmiðum fyrir samstarfsáætlunina og samráð var haft við norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndina. Jafnframt gafst NORA, norrænu landamæranefndunum, Nordregio og fleiri norrænum aðilum færi á að veita umsögn um drög að samstarfsáætluninni.]

Samstarfsáætlun þessi er stýrandi fyrir alla starfsemi ráðherranefndarinnar um sjálfbæran hagvöxt (byggðamál). Ráðherranefndin um sjálfbæran hagvöxt (byggðamál) samþykkti samstarfsáætlunina þann [dags.] og gildir hún til 31. desember 2030.

Norrænn virðisauki er mikilvægt viðmið þegar meta á mikilvægi og skilvirkni norræns samstarfs. Norrænn virðisauki er sá sem skapast af aðgerðum sem koma til viðbótar við virði sem hefði skapast í löndunum sjálfum. Norrænn virðisauki getur meðal annars falist í aðgerðum sem skapa norrænt samstarf og tengsl, draga úr hindrunum og sundrung, safna saman norrænum starfskrafti og færni, raungera ónýtt tækifæri og skapa samlegðaráhrif. Norrænt samstarf á sviði byggðapróunar og skipulagsmála á að skapa umtalsverðan virðisauka fyrir norræn lönd, svæði og byggðarlög.

Samstarfsáætlunin tekur mið af því hlutverki Norrænu ráðherranefndarinnar að leggja sitt af mörkum til þess að uppfylla framtíðarsýn okkar um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Allar ráðherranefndir Norrænu ráðherranefndarinnar vinna að því að uppfylla framtíðarsýnina á hinum þremur stefnumarkandi áherslusviðum.

3. Pólitískar áherslur



Markmið norræns samstarfs á sviði byggðapróunar og skipulagsmála er að leggja sitt af mörkum til þekkingar og lausna á mikilvægum sameiginlegum og þverfaglegum samfélagslegum úrlausnarefnum í norrænu löndunum. Til þess að uppfylla markmiðið um græna, samkeppnishæfa og félagslega sjálfbæra samfélagsþróun á Norðurlöndum þarf lausnir sem byggjast á svæðisbundnum styrkleikum og aðlögunarhæfni byggðarlaga og efla traust og samstarf á milli allra hluta Norðurlanda. Markmið norræns samstarfs á sviði byggðapróunar og skipulagsmála er að stuðla að sjálfbæru, svæðisbundnu þróunarstarfi sem styrkir efnahagslega, umhverfislega og félagslega þróun, eykur viðnámsþol og þrótt svæðanna og ýtir undir norræna samþættingu og samstöðu þvert á landamæri Norðurlanda.

Norrænt samstarf á sviði byggðapróunar og skipulagsmála miðar fyrst og fremst að því að gera það enn eftirsóknarverðara að búa, starfa og reka fyrirtæki alls staðar á Norðurlöndum. Þau viðfangsefni sem norræn svæði og byggðarlög standa frammi fyrir eru orðin flóknari og teygja sig í auknum mæli yfir landamæri. Þau krefjast samræmingar þvert á margvísleg stjórnáslutleg og óformleg landamæri eða mörk þar sem svæðisnálgun þarf að vera skýr. Leggja ber áherslu á sameiginlega áætlanagerð í byggðahagfræðilegum, félags-, loftslags- og umhverfislegum málefnum varðandi mannvirki og innviði, sem skapar forsendur fyrir sjálfbærum hagvexti, aukinni samkeppnishæfni og árangursríkum umskiptum í norrænu atvinnulífi.

Þeirri geópólítísku stöðu sem upp er komin á Norðurlöndum fylgja jafnframt auknar kröfur í tengslum við öryggismál, afkomu og viðbúnaðarmál á öllum svæðum Norðurlanda. Norrænt samstarf á sviði byggðapróunar og skipulagsmála á að stuðla að því að styrkja getu Norðurlanda til þess að takast á við erfiðleika og krísur. Þróun á, nálægð við og öruggt aðgengi að opinberri og einkarekinni þjónustu, jafnt í daglegu lífi sem á krísutímum, skiptir miklu máli fyrir sterk samfélög.

Græn Norðurlönd

Grænu umskiptin eru lykilþáttur í því að ná markmiðum norrænu landanna í umhverfis- og loftslagsmálum, sem og markmiðinu um græn Norðurlönd. Umskiptunum fylgja þó bæði tækifæri og áskoranir og forsendur til þróunar og þess að njóta góðs af jákvæðum áhrifum umskiptanna eru misjöfn eftir svæðum á Norðurlöndum. Hraði hinna grænu umskipta og þörfin á jafnvægi í nýtingu lands í mismunandi tilgangi, svo sem til orkuframleiðslu, undir atvinnulíf, til búsetu eða fyrir náttúru, kallar á aukna yfirsýn, forgangsröðun og mat á hagsmunum við skipulagningu byggðar og samfélags.

Norrænt samstarf í byggðapróun og skipulagsmálum getur lagt sitt af mörkum til þess að umskipti norrænu landanna á sviði loftslags- og orkumála verði í auknum mæli tengd sjálfbærum svæðis- og staðbundnum lausnum þannig að grænu umskiptin ýti undir gagnsemi fyrir byggðarlögin.

Samkeppnishæf Norðurlönd

Mikilvægt er að norrænt samstarf í byggðapróun og skipulagsmálum styðji við og hvetji til aðgerða sem efla atvinnulífið svo svæðin geti nýtt tækifæri sín til snjallrar og sjálfbærrar þróunar. Nýskapandi og samkeppnishæf svæði sem eru í stakk búin til að takast á við umskiptin eru forsenda samkeppnishæfra Norðurlanda. Mikilvægur þáttur í því að leysa þetta felst í lausnum sem eru aðlagðar hverjum stað fyrir sig út frá ólíkum stað- og svæðisbundnum forsendum og samkeppnisstöðu.

Forgangsmál er að tryggja samkeppnishæf Norðurlönd þar sem félagslegt jafnvægi ríkir til þess að tryggja eftirsóknarverð búsetu-, atvinnu- og lífsskilyrði alls staðar á Norðurlöndum. Það kallar einnig á að til staðar sé góð umgjörð fyrir nýsköpun, þróun og atvinnuþátttöku, einkum á strjálbýlum svæðum þar sem erfiðara



getur verið að skapa eftirsóknarverða vinnustaði og laða að og halda í hæft vinnuafli. Samþætting og samtengdar lausnir á öllum svæðum Norðurlanda eru sérstaklega mikilvæg viðfangsefni þegar kemur að því að stuðla að samkeppnishæfum Norðurlöndum.

Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Lýðfræðileg og félagshagfræðileg þróun, þar sem vaxandi mismunar gætir bæði innan svæða og á milli þeirra með tilliti til mannfjöldapróunar, íbúasamsetningar, menntunarstigs og tekna, hefur, ásamt tækniþróun, mikil áhrif á byggðapróunina, bæði með tilliti til þeirra samfélagslegu áskorana og tækifæra sem hún hefur í för með sér. Meðal annars getur þar verið um að ræða minnkun á skattstofni, getu til að uppfylla þarfir vinnumarkaðarins fyrir hæft vinnuafli og aðgengi að opinberri og einkarekinni þjónustu. Í strjálbýli þar sem vegalengdir eru miklar og íbúafjöldi takmarkaður getur þetta oft reynst erfitt viðfangsefni, einkum þegar upp koma stað- eða svæðisbundnar krísur. Á sama tíma veldur mikill og vaxandi íbúafjöldi á litlum svæðum erfiðleikum annars staðar á Norðurlöndum.

Samstarf og lærdómur á milli norrænu landanna getur stuðlað að félagslega sjálfbærum Norðurlöndum með því að ýta undir að til verði sameiginlegur þekkingargrunnur og nýskapandi norrænar lausnir á þessum mikilvægu samfélagslegu viðfangsefnum á mismunandi svæðum á Norðurlöndum.

Fram til ársins 2030 verður því lögð áhersla á það í norrænu samstarfi um byggðapróun og skipulagsmál að:

- Grænu umskiptin leiði til þróunar og tækifæra fyrir alla íbúa á öllum svæðum Norðurlanda, jafnt í þéttbýli sem dreifbýli.
- Norræn svæði séu samkeppnishæf og samþætt.
- Góð og örugg lífsskilyrði séu fyrir hendi í bæði þéttbýli og dreifbýli á Norðurlöndum.

Norræna ráðherranefndin um sjálfbæran hagvöxt (byggðamál) hefur tekið ákvörðun um markmið og undirmarkmið með starfinu á tímabilinu 2025–2030. Hinar pólitísku áherslur vísa veginn í allri starfsemi á málefnasviðinu í norrænu samstarfi. Það þýðir að á þessum markmiðum skuli byggja aðgerðir sem skila þeim árangri og hafa þau áhrif að ná fram þeim breytingum sem stefnt er að.

Með aukinni þekkingu og lærdómi skapast betri tækifæri til að takast á við samfélagslegar áskoranir og nýta þau tækifæri sem samfélagslegar breytingar hafa í för með sér. Lærdómur sem meðal annars felst í greiningum, þekkingarmiðlun, miðlun á reynslu, eftirfylgni, úttektum og rannsóknum á að stuðla að því að markmið varðandi byggðapróun og skipulagsmál náist.

3.1 Græn Norðurlönd

Markmið 1: Grænu umskiptin eiga að hafa í för með sér framþróun og skapa tækifæri á öllum svæðum Norðurlanda, jafnt í þéttbýli sem dreifbýli.

Miklu máli skiptir að samfélagsskipulag sé gott til þess að skapa forsendur fyrir sjálfbærri byggðapróun. Það er mikilvægt að samfélagsskipulag norrænu landanna stuðli að sjálfbærum búsvæðum og hafi lítil áhrif á loftslagið, ekki sé gengið á líffræðilega fjölbreytni og vistkerfabjónusta sé til staðar. Norrænt samstarf um byggðapróun og skipulagsmál á að stuðla að grænum umskiptum á Norðurlöndum sem hafa í för með sér þróun og gagnsemi fyrir byggðarlög á öllum svæðum, jafnt í þéttbýli sem dreifbýli.

- **Undirmarkmið 1: Bæta þarf þekkingu á og ferla fyrir forgangsröðun varðandi skilvirka landnýtingu í norrænu löndunum.**



Grænu umskiptin krefjast þess að landi verði forgangsraðað í þágu framleiðslu á endurnýjanlegri orku, náttúruverndar og nýrrar atvinnustarfsemi. Viðfangsefni tengd landi teygja sig yfir landamæri og mörk sveitarfélaga, svæða og landa og þörf er á lausnum þar sem landfræðileg tækifæri eru nýtt til fulls. Um leið þarf að líta á landnotkun sem hluta af stærri mynd og vinna gegn togstreitu vegna lands og staðbundinni andstöðu. Samstarfsáætlunin um byggðapróun og skipulagsmál mun vinna að því að bæta þekkingu á skilvirkri landnýtingu og stuðla að þróun og prófun á aðferðum og ferlum.

- **Undirmarkmið 2: Grænu umskiptin eiga að stuðla að byggðapróun og skapa tækifæri í bæði þéttbýli og dreifbýli.**

Dreifbýlissvæði í norrænu löndunum standa frammi fyrir margs konar samhangandi umskiptum og áskorunum sem þeim tengjast samtímis, svo sem grænum og stafrænum umskiptum, lýðfræðilegum breytingum, framboði og þróun á færni og hindrunum sem tengjast samgöngum eða innviðum. Oft reynist dreifbýlissvæðum einnig erfitt að njóta góðs af þeim tækifærum sem grænu umskiptunum fylgja. Norrænt samstarf um byggðapróun og skipulagsmál mun vinna að því að auka tækifæri dreifðra og afskekktara byggða til þess að njóta góðs af grænu umskiptunum og nýta sér tækifæri til snjallrar og sjálfbærrar þróunar.

3.2 Samkeppnishæf Norðurlönd

Markmið 2: Norræn svæði eiga að vera samkeppnishæf, viðnámsþolin og samþætt.

Forsenda samkeppnishæfra Norðurlanda er að alls staðar á Norðurlöndum séu skilyrði fyrir fyrirtæki góð og þau geti því stuðlað að hagvexti, þróun og velsæld. Mikill munur getur þó verið á skilyrðum í þéttbýli annars vegar og dreifbýli hins vegar. Stafræn væðing, aðgengi að menntun, aðgerðir sem örva atvinnulífið og opinber og einkarekin þjónusta skipta sköpum þegar kemur að því að laða að nauðsynlegt og hæft vinnuafli og tryggja eftirsóknarverð lífsskilyrði. Norrænt samstarf um byggðapróun og skipulagsmál mun vinna að því að styrkja umgjörðina um svæðis- og staðbundna samkeppnishæfni, viðnámsþrótt og samþættingu þvert á norræn svæði.

- **Undirmarkmið 1: Á öllum svæðum á Norðurlöndum eiga að vera góð grundvallarskilyrði fyrir sjálfbæran hagvöxt, nýsköpun og viðnámsþrótt.**

Nýsköpun, frumkvöðlastarf og fyrirtækjarekstur eru lykilþættir í grænum og samkeppnishæfum Norðurlöndum og í því að leysa þau stóru samfélagslegu viðfangsefni sem hafa áhrif á svæði og byggðarlög á Norðurlöndum. Norrænt samstarf um byggðapróun og skipulagsmál mun út frá svæðisnálgun stuðla að því að efla norrænar aðgerðir og kynningu á bestu starfsvenjum til þess að skapa góða umgjörð og skilyrði fyrir sjálfbærri efnahagslegri starfsemi, nýsköpun og viðnámsþrótti á öllum norrænum svæðum.

- **Undirmarkmið 2: Skilyrði til þess að laða að og halda í hæft vinnuafli þvert á norræn svæði eiga að vera góð.**

Fyrirtæki á Norðurlöndum eiga að hafa gott aðgengi að hæfu vinnuafli alls staðar á Norðurlöndum. Hæfniþróun og gott framboð á hæfu vinnuafli gerir möguleg þau umskipti á vinnumarkaði sem til þurfa að koma til að ná fram sjálfbærri þróun og aukinni samkeppnishæfni. Stafrænar lausnir á sviði menntunar og atvinnulífs geta stækkað þann hóp sem hægt er að sækja starfsfólk úr, einnig á strjálbýlum svæðum og landsbyggðinni, og greitt fyrir þróun nýsköpun og fjölbreytni í atvinnulífinu og opinbera geiranum. Norrænt samstarf um



byggðapróun og skipulagsmál mun leggja sitt af mörkum til þess að takast á við úrlausnarefni sem tengjast vinnuafli og framboði á hæfu vinnuafli út frá svæðisnálgun og mismunandi forsendum svæðanna.

- **Undirmarkmið 3: Góð rammaskilyrði eiga að vera fyrir samstarfi á landamærasvæðum og starfssvæðum.**

Það á að vera einfalt að búa, stunda nám og vinnu, ferðast og reka fyrirtæki alls staðar á Norðurlöndum og þvert á landamærin. Norrænu landamærasvæðin vinna saman að því að efla samkeppnishæfni atvinnulífsins, greina og fjarlægja stjórnsýsluhindranir, þróa sjálfbærar og loftslagsvænar lausnir í umhverfis- og orkumálum, stuðla að sjálfbærri landnotkun og þróun innviða og upplýsinga sem varða landamærasvæðin. Norrænt samstarf um byggðapróun og skipulagsmál mun beita sér fyrir sjálfbæru og svæðismiðuðu þróunarstarfi sem teygir sig yfir landamæri landanna með það fyrir augum að stuðla að samheldnum, samþættum, sjálfbærum og samkeppnishæfum Norðurlöndum.

3.3 Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Markmið 3: Góð og örugg lífsskilyrði eiga að vera í bæði þéttbýli og dreifbýli á Norðurlöndum.

Öryggi og góð lífsskilyrði í borgum og þéttbýli á Norðurlöndum sem og í dreifbýli felast í aðgengi að störfum, einkarekinni og opinberri þjónustu ásamt því að tryggja stöðuga afkomu og framleiðslu, jafnt í daglegu lífi sem á krísutímum. Þetta er jafnframt forsenda þess að geta laðað að og haldið í bæði ungt og eldra fólk í dreifbýli. Með því að miðla reynslu, þróa þekkingu og stuðla að bestu starfsvenjum getur norrænt samstarf um byggðapróun og skipulagsmál lagt sitt af mörkum til þess að efla getu norrænna byggða til þess að skapa sjálfbær og viðnámsþolin svæði sem þróast og þar sem fólk sækist eftir því að búa, ásamt því að stuðla að nýskapandi lausnum í tengslum við umskiptin yfir til sjálfbærrar þróunar.

- **Undirmarkmið 1: Bregðast skal við auknum félagslegum áskorunum á landfræðilega afskekktum svæðum og í þéttbýli.**

Mikilvægt er að vinna gegn og takast á við búsetuaðgreiningu og félagshagfræðilegan ójöfnuð sem er úrlausnarefni í norrænu löndunum. Fjórða iðnbyltingin í minni bæjum og á landsbyggðinni kallar jafnframt á skýrari heildarsýn á samfélagsuppbygginguna og tengingu á milli staðbundinna vinnumarkaða og búsetuframboðs til þess að fólk geti ferðast til og frá vinnu eða flutt til minni bæja og strjálbýlla svæða til þess að vinna. Norrænt samstarf um byggðapróun og skipulagsmál mun meðal annars styðja við þekkingu og lausnir sem stuðlað geta að því að skapa svipuð skilyrði fyrir alla, óháð búsetu, greina áskoranir í tengslum við byggingu á og aðgengi að gæðahúsnæði í þéttbýli og dreifbýli á Norðurlöndum, ásamt því að styðja við lausnir sem tryggt geta viðráðanlegri, fjölbreytta og aðgengilega húsnæðiskosti á landsbyggðinni og strjálbýlum svæðum.

- **Undirmarkmið 2: Gott aðgengi á að vera að opinberri og einkarekinni þjónustu, jafnt í daglegu lífi sem á krísutímum, á svæðum Norðurlanda**

Gott og stöðugt aðgengi að opinberri og einkarekinni þjónustu er grundvallarskilyrði þess að eftirsóknarvert sé að búa og starfa alls staðar á Norðurlöndum og jafnframt forsenda fyrir samkeppnishæfni stað- og svæðisbundins atvinnulífs. Þetta á einnig við á strjálbýlum svæðum og landsbyggðinni þar sem vegalengdir eru miklar og íbúafjöldi takmarkaður. Norrænt samstarf um byggðapróun og skipulagsmál mun meðal annars stuðla að aukinni þekkingu,



samstarfi og viðbúnaði staðbundið og á milli ólíkra aðila í norrænu löndunum til þess að skapa gott aðgengi að opinberri og einkarekinni þjónustu alls staðar á Norðurlöndum. Þessu er ætlað að gera svæðin eftirsóknarverðari og efla samstöðu, nálægð og viðnámsþrátt á Norðurlöndum jafnt í daglegu lífi sem á krísutímum.

4. Mat á samstarfsáætluninni

Samstarfsáætlunin gildir á tímabilinu 2025–2030 en er skipt niður í þriggja ára starfsáætlanir tímabilin 2025–2027 og 2028–2030.

Á miðju tímabili verður gerð úttekt og á grundvelli hennar kann ráðherranefndin að gera breytingar á samstarfsáætluninni ásamt því að fá tillögur að því hvernig rétt sé að útfæra starfsáætlun seinna tímabilsins.

Einnig mun fara fram mat jafnóðum samkvæmt mati framkvæmdastjóra og ráðherranefndarinnar.